

**1986 nr. 24 7. maí****[Lög um skiptaverðmæti]<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 44/2013, 4. gr.

**Tóku gildi 12. maí 1986.** *Breytt með* L. 93/1986 (tóku gildi 1. jan. 1987), L. 21/1987 (tóku gildi 14. apríl 1987 nema 2. gr. sem tók gildi 1. júní 1987; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 4. gr.), L. 45/1992 (tóku gildi 10. júní 1992), L. 79/1994 (tóku gildi 30. maí 1994), L. 84/1995 (tóku gildi 21. júní 1995), L. 80/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998), L. 88/2002 (tóku gildi 23. maí 2002), L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og L. 44/2013 (tóku gildi 1. jan. 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Um skiptaverðmæti sjávaraflla.****■ 1. gr.**

□ [Þegar affi fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. [Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum.]<sup>1)</sup> Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olúfélaganna sem olúverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 Bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkan á birgðaverði gasolíu umfram 133 Bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

□ Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. málsl. 1. mgr. hækka í 76% af heildarflaverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. másl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkan á birgðaverði gasolíu umfram 145 Bandaríkjadali á tonn fob.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 79/1994, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 21/1987, 1. gr.**■ 2. gr.**

□ Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaflaverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósölverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

**■ 3. gr.**

□ [Þegar affi fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna er-

lendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/1987, 2. gr.**■ 4. gr.**

□ [Þegar seldur er affi fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

□ Þegar seldur er affi fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

□ Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálf prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til hækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/1987, 3. gr.**II. kafli. . . .**<sup>1)</sup><sup>1)</sup> L. 44/2013, 1. gr.**III. kafli. . . .**<sup>1)</sup><sup>1)</sup> L. 93/1986, 11. gr.**IV. kafli. . . .****V. kafli. . . .****VI. kafli. Um reglugerð og gildistöku.****■ 16. gr.**

□ [Ráðherra setur nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd laga þessara.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 147/1998, <sup>2)</sup> L. 44/2013, 2. gr.**■ 17. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til fiskaflla og sjávarafurðaframleiðslu frá og með 15. maí 1986. . . .

**■ 18. gr.**

□ [Brot á 2. másl. 1. mgr. 1. gr. varðar sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. . . .]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr. <sup>2)</sup> L. 79/1994, 11. gr.**Ákvæði til bráðabirgða.****■ I.**

□ . . .

□ [Eignum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörslu Fiskveiðasjóðs, skal varið til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Skal ráðherra semja við fjármálastofnanir um varðveislu og innheimtu verðbréfa sjóðanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 80/1997, brbákv.**■ [II. . . .]<sup>1)2)</sup>**<sup>1)</sup> 5. mgr. ákvæðisins, sbr. L. 44/2013, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 44/2013, 3. gr.